

# 39. sambandsráðsfundur UMFÍ

11. október 2014 í **Garðabæ**

# Efnisyfirlit






**Skýrsla stjórnar 2013–2014**

Skýrsla formanns UMFÍ ... 2
Stjórn UMFÍ 2013–2015 ... 4
Stefnumótunarfundir um landsmót UMFÍ ... 5
Fundir með sambandsaðilum UMFÍ ... 5
Sambandsþing UMFÍ í Stykkishólmi ... 6
Vorfundur UMFÍ í Grindavík ... 6
Stjórnarfundir 2013–2014 ... 7
Mæting á stjórnarfundi ... 7
Fundir og ferðir 2013–2014 ... 8

**Ársreikningur**

Áritun óháðs endurskoðanda ... 12
Skýrsla stjórnar ... 13
Rekstrarreikningur ársins 2013 ... 14
Heildaryfirlit um rekstur 2013 ... 15
Efnahagsreikningur 31. desember 2013 ... 16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013 ... 17
Skýringar ... 18
Samanburður rekstrar við áætlun ... 29
Lykiltölur úr ársreikningi ... 30

**Nefndir UMFÍ 2013–2015**

Nefndir UMFÍ 2013–2015 ... 31

**Fræðslumál**

Sýndu hvað í þér býr ... 32
Við erum öll fyrirmynd ... 32
Framtíðin ... 32

**Forvarna- og umhverfismál**

Forvarnadagurinn ... 33
Umhverfismál ... 33
Þrastaskógur ... 33

**Ungt fólk**

Ungmennaráð UMFÍ ... 34
Ungt fólk og lýðræði ... 34

**Almenningsíþróttir**

Ganga.is ... 35
Fjölskyldan á fjallið ... 35
Göngubókin – Göngum um Ísland ... 35

**Landsmót UMFÍ**

4. Landsmót UMFÍ 50+ 2014 ... 36
17. Unglingalandsmót UMFÍ 2014 ... 36
18. Unglingalandsmót UMFÍ 2015 ... 36

**Erlend samskipti**

NSU – Nordisk Samorganisation for Ungdomsarbejde ... 37
ISCA, International Sport and Culture Association ... 37
Lýðháskólar ... 37
Erlendir gestir ... 37

**Ýmis verkefni**

Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum ... 38
Frjálsíþróttaskóli UMFÍ ... 38
Skinfaxi ... 39
Eldri ungmennafélagar ... 39
Evrópa unga fólksins 2014 ... 39

**Sameiginleg verkefni**

Lottó og lottóúthlutanir 2012 ... 40
Felix – félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ ... 40
Getspá – Getraunir ... 41
Æskulýðsvettvangurinn ... 41

**Styrktarsjóðir UMFÍ**

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ ... 42
Umhverfissjóður UMFÍ ... 42

**Ungmennafélag Íslands**

Ýmis verkefni UMFÍ ... 43
Hvatningarverðlaun UMFÍ ... 44
Heiðursviðurkenningar UMFÍ ... 44
Matmenn á sambandsþingum UMFÍ ... 47
Sigurðarbikarinn ... 47
Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts ... 47
Lög UMFÍ ... 48
Landsmót, Unglingalandsmót og Landsmót 50+ ... 50
Sambandsaðilar UMFÍ ... 50
Ungmennafélag Íslands ... 51
Þjónustumiðstöð UMFÍ ... 52
Starfsfólk ... 52


# Ársskýrsla 2013–2014


Skýrsla 39. sambandsráðsfundar UMFÍ var unnin í þjónustumiðstöð UMFÍ, Sigtúni 42, Reykjavík.
Umsjón með útgáfu: Þjónustumiðstöð UMFÍ.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, 2014.

# Skýrsla formanns UMFÍ

Ágætu ungmennafélagar.

Niðurstöður 48. ársþings UMFÍ, sem haldið var í Stykkishólmi fyrir ári, hafa mótað og sett mark sitt á starfsemi liðins starfsárs.

Á þinginu voru samþykktar margar tillögur. Fyrir utan hefðbundnar þakkartillögur og hvatningartillögur um að taka þátt í Landsmótum UMFÍ sneru flestar tillögurnar að breytingum á verkefnum eða málaflokkum sem fyrir eru í starfsemi hreyfingarinnar. Má þar til dæmis nefna samþykkt á siðareglum, breytingar á fræðslustefnu, athugun á samstarfi við ÍSÍ, hvatningu til aukinnar hreyfingar í samfélaginu, samþykkt á breytingu á reglugerð um Unglingalandsmót, vinnureglur um staðarval á Landsmótum UMFÍ og umsóknarform Landsmóta.

Á þinginu var samþykkt heimild til stjórnar UMFÍ til að selja Þrastalund og var forgangsverkefni hjá stjórn að vinna að því máli. Í mars sl. var gengið frá sölunni.

Á þinginu var einnig samþykkt tillaga þess efnis að fá heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra til að vinna með UMFÍ og öðrum félagasamtökum í samstarfsráði um forvarnir að stofnun „Forvarnamiðstöðvar“ frjálsra félagasamtaka. Það mál er í vinnslu og vonandi tekst að landa samningi um slíkan rekstur fljótlega. Þingið beindi því einnig til stjórnar að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að taka efnislega afstöðu til þess að fara í viðræður um skipulag íþróttahreyfingarinnar og skiptingu fjármuna innan hennar auk breytinga á lögum. Nefndin hefur verið að störfum allt sl. ár og fyrir fundinum liggur stöðumat á vinnu hennar.



**Felix** er miðlægt tölvukerfi UMFÍ og ÍSÍ sem heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi og þykir vera einstakt í sinni röð á heimsvísu. Kerfið hefur verið gagnrýnt talsvert af notendum undanfarin ár fyrir að vera ekki nógu notendavænt. Í september sl. ákváðu stjórnir UMFÍ og ÍSÍ að fara út í kostnað við að hanna viðmót sem væri notendavænna og verður það vonandi til þess að eiginleikar Felix nýtist betur. Ákvörðun stjórnar byggir á vinnu nefndar sem verið hefur að störfum með fulltrúum UMFÍ um Felix.

Á liðnu starfsári hefur verið unnið að mörgum verkefnum innan hreyfingarinnar, þau þróuð og endurbætt í takt við tíðarandann og þarfir samfélagsins. Verkefnin hafa fengið góðar undirtektir og þátttaka í þeim verið góð. Í huga mínum stendur upp úr það mikla og fjölþætta starf sem hefur verið unnið. Ljóst er að sjálfboðaliðastundirnar eru margar við undirbúning og framkvæmd þess mikilvæga starfs sem er grundvöllur hreyfingarinnar og er unnið um land allt.

Í **forvörnum** höfum við horft til þess að útvíkka málaflokkinn yfir í lýðheilsu- og forvarnir. Helgast það helst af því að við finnum að mikil þörf er fyrir vitundarvakningu í þjóðfélaginu um að bætt lýðheilsa þjóðarinnar auki heilbrigði og spari um leið fjármuni sem fylgir því að færri þurfa að nýta sér heilbrigðisþjónustu.

Fyrir ungt fólk var margt í boði, bæði innan lands og utan. Ungmenni fengu stuðning við að sækja nám í lýðháskólum í Danmörku, hópur tók þátt í ungmennaviku NSU ásamt ýmsum ráðstefnum og námskeiðum. **Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum** í Sælingsdal fyrir 9. bekkinga grunnskólanna hafa fest sig í sessi og ríkir mikil ánægja með starfsemina.

**Frjálsíþróttaskóli UMFÍ** var í boði fyrir ungmenni á nokkrum stöðum víðs vegar um land og var honum að venju vel tekið. Markmiðið með skólanum er að efla frjálsar íþróttir og gefa þátttakendum tækifæri á að stunda íþróttina við bestu aðstæður.

**Almenningsíþróttir** hafa skipað stóran sess hjá hreyfingunni. Hreyfivikan, Move Week, fór fram um gjörvalla Evrópu dagana 29. september til 5. október sl. Verkefnið er herferð á vegum ISCA sem UMFÍ á aðild að og tökum við þátt í verkefninu. Kosturinn við hreyfivikuna er að hún er ekki sniðin að ákveðinni íþrótt eða hreyfingu heldur geta allir búið til sína














eigin hreyfiviku og nýtt til þess þá kosti sem samfélag þeirra býr yfir til að smita frá sér jákvæðri nálgun á hreyfingu. Nokkrir sambandsaðilar UMFÍ, sveitarfélög, einstaklingar og fyrirtæki um allt land tóku þátt í verkefninu og var fjöldi viðburða og tækifæra til hreyfingar í boði fyrir fólk á öllum aldri. Með þátttökunni leggur UMFÍ þeirri framtíðarsýn hreyfivikunnar lið „að 100 milljónir fleiri Evrópubúar verði orðnir virkir í hreyfingu og/eða íþróttum árið 2020“.

Á 48. ársþingi UMFÍ var samþykkt tillaga þar sem stjórn UMFÍ er hvött til að fara í viðræður við ÍSÍ um hvort möguleiki væri á samstarfi um almenningsíþróttir. Þær viðræður eru hafnar en engin niðurstaða fengin.

**Málefni eldri ungmennafélaga** hafa verið okkur hugleikin og höfum við átt gott samstarf við Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) í gegnum árin. Þetta samstarf mun aðeins aukast enda ljóst að fjölgun verður á Íslandi í aldurshópnum 50 ára og eldri næstu áratugina. Það er því mikilvægt að sinna þessum aldurshópi vel og hvet ég ykkur, ágætu sambandsaðilar, til að taka þátt í því verkefni.

**Fræðslumálin** eru viðamikill þáttur í starfi hreyfingarinnar og hefur góð þátttaka verið í þeim námskeiðum sem hafa verið í boði. Á liðnu ári var áhersla lögð á félagsmálafræðslu, viðburðastjórnun, mannréttindafræðslu og útgáfu fræðslunámsefnis, m.a. í samstarfi við Æskulýðsvettvanginn.

**Skinfaxi**, hið aldna og merkilega málgagn hreyfingarinnar, hefur tekið breytingum. Auk hefðbundinnar útgáfu voru gefin út tvö aukablöð í dagblaðsformi í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót. Ritnefnd Skinfaxa hefur verið öflug og m.a. unnið í samráði við stjórn UMFÍ drög að kynningarstefnu UMFÍ.

**Ungmennaráð** hefur starfað innan UMFÍ frá 2004 og hefur haft góð áhrif á þá starfsemi hreyfingarinnar sem snýr að ungu fólki á aldrinum 16–30 ára. Meðal verkefna ráðsins var undirbúningur og framkvæmd ráðstefnunnar „Ungt fólk og lýðræði“ sem haldin hefur verið fimm síðastliðin ár og þykir hafa heppnast vel.

**Unglingalandsmótið**, það sautjánda í röðinni, var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina í umsjón UMSS og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Mótið heppnaðist einstaklega vel og var öllum þeim sem að undirbúningi og framkvæmd þess komu til mikils sóma. Hreyfingin þakkar öllum sem lögðu hönd á plóginn kærlega fyrir gott og óeigingjarnt starf. Umgjörðin, íþróttamannvirki, skipulagið og gestrisni heimamanna var eins og best gerist.

Fjórða **Landsmót UMFÍ 50+** var haldið á Húsavík. Mótið fór fram með miklum glæsibrag og var HSÞ, Sveitarfélaginu Norðurþingi og UMFÍ til mikils sóma. Þátttakan er vaxandi og er almenn ánægja með mótið.

Átjánda Unglingalandsmótið mun fara fram á Akureyri og fimmta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið á Blönduósi á næsta ári og vonumst við eftir góðri þátttöku á bæði mótin.

Hér hefur verið stiklað á stóru í starfi UMFÍ á liðnu starfsári. Greinargóð skýrsla liggur frammi á fundinum þar sem gerð er grein fyrir fjölbreytileika starfseminnar.

Að lokum vil ég fyrir mína hönd og stjórnar UMFÍ þakka ungmennafélögum og öllu því góða fólki sem hefur lagt okkur lið með einum eða öðrum hætti fyrir framlag þess til hreyfingarinnar. Ég vil þakka framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki UMFÍ fyrir vel unnin störf. Sigurður Guðmundsson landsfulltrúi hefur hætt störfum hjá UMFÍ og þökkum við honum kærlega fyrir vel unnin störf, gott samstarf og samskipti um leið og við óskum honum alls hins besta í störfum hans á nýjum vettvangi.

Ég get ekki skilið við þessa skýrslu öðruvísi en svo að þakka stjórn sem og framkvæmdastjórn fyrir einstaklega ánægjulegt og árangursríkt samstarf. Sú samstaða og gleði sem hefur ríkt er slík að hún hvetur aðeins til dáða.

Stjórnvöldum, fyrirtækjum og öðrum þeim sem hafa styrkt okkur á árinu færi ég kærar þakkir.

Kæru félagar! Leggjum okkar af mörkum til að komandi starfsár verði gæfuríkt og munum að styðja og hvetja hvert annað því að þannig náum við bestum árangri.

Íslandi allt
Helga Guðrún Guðjónsdóttir,
formaður UMFÍ














# Skýrsla stjórnar 2013–2014

## Stjórn UMFÍ 2013–2015


Helga Guðrún Guðjónsdóttir
formaður


Haukur Valtýsson
varaformaður


Helga Jóhannesdóttir
gjaldkeri


Örn Guðnason
ritari


Hrönn Jónsdóttir
meðstjórnandi


Björg Jakobsdóttir
meðstjórnandi


Gunnar Gunnarsson
meðstjórnandi

## Varastjórn UMFÍ 2013–2015


Ragnheiður Högnadóttir
varamaður


Baldur Daníelsson
varamaður


Kristinn Óskar Grétuson
varamaður


Eyrún Harpa Hlynsdóttir
varamaður

## Stefnumótunarfundir um landsmót UMFÍ

Á síðasta sambandsþingi UMFÍ var samþykkt að fara af stað með fundaherferð vegna stefnumótandi vinnu um framtíð landsmóta UMFÍ í framhaldi af stefnumótunarfundi sem haldinn var á Húsavík 11. maí 2013. Stjórn UMFÍ ákvað að halda sex fundi víðs vegar um landið fyrstu mánuði þessa árs.

Á fundunum var unnið í hópum og gafst fólki kostur á að setja fram hugmyndir sínar og skoðanir um mótin og hvernig það vildi sjá þau í framtíðinni. Mæting var misgóð en engu að síður varð oft ágæt umræða um framtíð mótanna og upp komu ýmsar áhugaverðar hugmyndir.

Fyrsti fundurinn í herferðinni var í Borgarnesi 30. janúar þar sem fundað var með UMSB, HSH, UDN, USVH og USK. Þann 27. febrúar var fundað á Akureyri með HSÞ, UÍF, USAH, UMSE, UMSS og UFA og 5. mars var fundað í Reykjavík með UMSK, Keflavík, Grindavík, UMFK, Njarðvík, Fjölni, Vesturhlíð, UV og UMFÞ. Fjórði fundurinn var haldinn 19. mars á Selfossi með HSK, USVS og UMFÓ og þann 26. mars var fundað með UÍA og USÚ á Egilsstöðum. Síðasti fundurinn var haldinn 9. apríl á Ísafirði með HSB, HSS, HSV og HHF.





## Fundir með sambandsaðilum UMFÍ

Síðasta vetur og fram á vor heimsóttu starfsmenn og stjórn UMFÍ sambandsaðila hreyfingarinnar vítt og breitt um landið.

Á þessum fundum var farið yfir starfsemi héraðssambandanna og helstu verkefni þeirra. Á nokkrum fundanna var einnig farið yfir starf aðildarfélaga. Starfsmenn og stjórnarmenn UMFÍ fóru yfir helstu þætti í starfi UMFÍ s.s. viðburði og verkefni hreyfingarinnar. Frá áramótum fram á vorið var fundað með UÍA, UMFN, HHF, HSK, HSS, UÍF, UMSE, USÚ og USVS.

Vel tókst til með þessa mikilvægu fundi og var almenn ánægja með þá. Fyrirhugaðir eru fundir með stjórnum fleiri sambandsaðila á næstu mánuðum.







# Skýrsla stjórnar 2013–2014

## Sambandsþing UMFÍ í Stykkishólmi

48. sambandsþing UMFÍ var haldið dagana 12.–13. október 2013 í Stykkishólmi. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, setti þingið en um 140 þingfulltrúar áttu rétt til setu á þinginu. Við setninguna flutti Helga S. Guðmundsdóttir, varaforseti ÍSÍ, stutt ávarp. Sturla Böðvarsson var þingforseti á sambandsþinginu og Björg Ágústsdóttir varaforseti. Þingið var starfsamt en um 50 þingmál voru tekin til umræðu og afgreiðslu á þinginu.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir var endurkjörin formaður UMFÍ en auk Helgu Guðrúnar var Stefán Skafti Steinólfsson í framboði til formanns. Helga fékk 80 atkvæði, Stefán Skafti 34 atkvæði en eitt atkvæði var ógilt. Helga Guðrún hefur verið formaður frá 2007 en þá var hún kosin fyrst kvenna til formennsku í UMFÍ.

Á þinginu var kosið í stjórn og varastjórn fyrir kjörtímabilið 2013–2015. Þeir sem hlutu kosningu í aðalstjórn voru Hrönn Jónsdóttir UMSB, Björg Jakobsdóttir UMSK, Gunnar Gunnarsson UÍA, Haukur Valtýsson UFA, Helga Jóhannesdóttir UMSK og Örn Guðnason HSK.








Í varastjórn voru kjörin Ragnheiður Högnadóttir USVS, Baldur Daníelsson HSÞ, Kristinn Óskar Grétuson HSK og Eyrún Harpa Hlynsdóttir HSV.

## Vorfundur UMFÍ í Grindavík

Vorfundur UMFÍ var haldinn í Hópsskóla í Grindavík 10. maí í vor en fundinn sóttu fulltrúar aðildarfélaga hreyfingarinnar.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, bauð í upphafi fulltrúa velkomna til fundarins. Af því loknu kynntu Sigurður Guðmundsson og Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúar UMFÍ, niðurstöður sem fram komu í stefnumótunarvinnu um framtíð landsmóta UMFÍ. Þá fóru þau Anna Möller, forstöðumaður Evrópu unga fólksins, og Andrés Pétursson, hjá Rannís, yfir tækifæri sem í boði eru í Evrópuverkefnum.

Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, og Gunnar Gunnarsson, formaður UÍA, upplýstu fundarmenn um verkefnið Move Week en Íþróttafélagið Höttur og Sveitarfélagið Fljótsdalshérað fengu verðlaun fyrir eitt besta verkefnið í evrópsku „Move Week“-herferðinni í fyrra.

Að lokum fóru svo Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík, og Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs, með gesti um íþróttasvæðið í bænum en gríðarleg uppbygging hefur orðið og stendur raunar enn yfir á íþróttamannvirkjum í Grindavík sem eru orðin meðal hinna glæsilegustu á landinu. Að því loknu var haldið námskeið í hvatningu, viðhorfum og í mannlegum samskiptum.











# Stjórnarfundir 2013–2014



**19. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 11. október 2013 á Hótel Stykkishólmi. Fundargerð framkvæmdastjórnar UMFÍ nr. 31 lögð fram og samþykkt. Farið yfir stöðu mála fyrir 48. sambandsþing UMFÍ.

**1. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 13. október 2013 á Hótel Stykkishólmi. Formaður bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Samþykkt að næsti stjórnarfundur verði haldinn 2. nóvember.

**2. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 2. nóvember 2013 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Eftirfarandi tillaga formanns um verkaskiptingu stjórnar og skipan framkvæmdastjórnar var samþykkt: Haukur Valtýsson, varaformaður, Örn Guðnason, ritari, Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri. Framkvæmdastjórn skipa: Helga G. Guðjónsdóttir, Björg Jakobsdóttir og Örn Guðnason. Varamaður Hrönn Jónsdóttir. Farið yfir tillögur frá 48. sambandsþingi UMFÍ, nefndir og ársáætlun.

**3. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 30. nóvember 2013 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Fyrri hluti fundarins var vinnufundur með starfsmönnum UMFÍ. Fundargerðir framkvæmdastjórnar UMFÍ nr. 1 og 2 samþykktar. Farið yfir fjármál og málefni Þrastalundar. Skipað í nefndir.

**4. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 31. janúar – 1. febrúar 2014 á Grand Hóteli og í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Fyrri dagur: Vinnufundur með starfsmönnum UMFÍ. Síðari dagur: Farið yfir málefni UTB að Laugum, Þrastalundar, Sigtúns 42 og uppgjör rekstrar vegna 2013. Fundargerðir framkvæmdastjórnar UMFÍ nr. 3, 4 og 5 samþykktar. Rætt um Landsmót UMFÍ.

**5. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 28. febrúar 2014 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Rætt um sölu á Þrastalundi.

**6. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 29. mars 2014 í Menningarhúsinu á Dalvík. Fundargerðir framkvæmdastjórnar UMFÍ nr. 6, 7, 8 og 9 lagðar fram og samþykktar. Farið yfir bréf sem borist hafa og skýrslur landsfulltrúa. Rætt um fundarefni vorfundar 2014.

**7. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 9. maí 2014 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Fundargerðir framkvæmdastjórnar UMFÍ nr. 10 og 11 lagðar fram og samþykktar. Farið yfir ársreikning 2013 og uppgjör fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2014. Bréf sem borist hafa og skýrslur landsfulltrúa lagðar fram. Farið yfir dagskrá vorfundar UMFÍ.

**8. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 12. júní 2014 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Fulltrúar sambandsaðila og sveitarfélaga sem sóttu um að halda 20. Unglingalandsmót UMFÍ 2017 og 6. Landsmót UMFÍ 50+ 2016 mættu og kynntu umsóknir sínar.

**9. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 29. ágúst 2014 í Kaupmannahöfn. Fundargerðir framkvæmdastjórnar UMFÍ nr. 12, 13 og 14 lagðar fram og samþykktar. Farið yfir rekstrartölur fyrstu sex mánuði ársins 2014. Rætt um Landsmótin 2014, Felix og Þrastaskóg. Farið í heimsóknir til DGI, ISCA og NSU (Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger, International Sport and Culture Association og Nordisk samorganisation for ungdomarbejde). Stjórn fékk góða kynningu á því sem þessir samstarfsaðilar eru að gera og mun það án efa nýtast að einhverju leyti í stefnumótun og kynningarstefnu UMFÍ.

**10. stjórnarfundur UMFÍ**
Haldinn 19. september 2014 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík. Fundargerð framkvæmdastjórnar UMFÍ nr. 15 lögð fram og samþykkt. Farið yfir tillögur fyrir sambandsráðsfund. Samþykkt að HV verði fulltrúi UMFÍ í lýðheilsunefnd velferðarráðuneytisins. Rætt um kostnað við þróun á félagskerfinu Felix.

# Mæting á stjórnarfundi 2013–2014

| | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | 10. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Helga Guðrún Guðjónsdóttir | x | x | x | x | x | x | x | | x | x | 9 |
| Haukur Valtýsson | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | 10 |
| Örn Guðnason | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | 10 |
| Helga Jóhannesdóttir | | x | x | x | x | | x | x | x | x | 8 |
| Hrönn Jónsdóttir | x | x | x | x | x | x | x | x | x | | 9 |
| Björg Jakobsdóttir | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | 10 |
| Gunnar Gunnarsson | x | x | x | x | x | x | x | | x | | 8 |
| Baldur Daníelsson | | x | x | x | | x | | | | | 4 |
| Ragnheiður Högnadóttir | x | x | x | x | x | | x | | x | x | 8 |
| Kristinn Óskar Grétuson | x | x | x | x | x | x | x | x | | x | 9 |
| Eyrún Harpa Hlynsdóttir | | x | | | | | | | x | | 2 |

# Fundir og ferðir 2013–2014






# 2013

**1. október 2013**
SR á fundi hjá Auði Capital vegna Skjaldborgar ehf.

**7. október 2013**
SR, Sigurður Guðmundsson og Sabína S. Halldórsdóttir á fundi með Helgu Marínu Bergsteinsdóttur vegna hugsanlegs samstarfs með námskeið.

**16.–20. október 2013**
SR, GG og Sabína S. Halldórsdóttir á ráðstefnu ISCA.

**23. október 2013**
SR á upplýsingafundi á Dalvík vegna umsóknar fyrir ULM 2017.

**24. október 2013**
SR á fundi á Sauðárkróki með fulltrúum UMSS og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um málefni ULM 2014.

**28. október 2013**
BJ, HeJ og SR á fundi með Hannesi Ingólfssyni og Baldvini Ómari Magnússyni vegna tilboðs í Þrastalund.

**28. október 2013**
SR og Helgi Gunnarsson á fundi hjá SVFR vegna leigu á veiðileyfi UMFÍ í Soginu.

**7. nóvember 2013**
HGG og SR á fundi með Erlendi Kristjánssyni, fulltrúa í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

**8. nóvember 2013**
SR og Sigurður Guðmundsson í Þrastalundi vegna skila fyrrverandi leigutaka á húsnæðinu.

**8.–9. nóvember 2013**
GG, Jörgen Nilsson, Sabína S. Halldórsdóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir á fundi á vegum NSU í Slésvík.

**9. nóvember 2013**
HV og Jón Kristján Sigurðsson við afhendingu verðlauna forvarnadags forseta Íslands á Bessastöðum.

**11. nóvember 2013**
SR á fundi með Örlygi Þór Helgasyni, framkvæmdastjóra USAH, um starf USAH og UMFÍ.

**12. nóvember 2013**
SR í Þrastalundi vegna skila fyrrverandi leigutaka á húsnæðinu.

**13. nóvember 2013**
SR í Þrastalundi vegna skila fyrrverandi leigutaka á húsnæðinu.

**15. nóvember 2013**
SR á fundi með Magnúsi Orra Schram frá Capacent vegna hugmynda um stefnumótunarvinnu fyrir UMFÍ.

**15. nóvember 2013**
SR, BJ og HeJ á fundi með Hannesi Ingólfssyni og fjölskyldu vegna Þrastalundar.

**19. nóvember 2013**
BJ og SR á fundi hjá Advel vegna Þrastalundar.

**21. nóvember 2013**
HGG og BJ á fundi í félagsheimili HK vegna útgáfu á kynningarbæklingnum „Hvar er HK".

**22. nóvember 2013**
SR, KÓG, Sabína S. Halldórsdóttir, Helgi Gunnarsson og Jón Kristján Sigurðsson á opnunarráðstefnu nýrra samstarfsáætlana ESB.

**23. nóvember 2013**
HGG á lottóvakt fyrir Íslenska getspá í RÚV.

**26. nóvember 2013**
HGG á stjórnarfundi hjá Íslenskri getspá.

**26. nóvember 2013**
SR á fundi með Hannesi Ingólfssyni vegna Þrastalundar.

**27. nóvember 2013**
SR á fundi með Hannesi Ingólfssyni vegna Þrastalundar.

**28. nóvember 2013**
SR á fundi með Hannesi Ingólfssyni hjá Advel vegna Þrastalundar.

**28. nóvember 2013**
SR á fundi með Kristjáni Jónssyni frá Iceland Discovery.

**28. nóvember 2013**
SR og Helgi Gunnarsson á fundi með fjárhagsnefnd UMFÍ.

**29. nóvember 2013**
HGG, SR, Sigurður Guðmundsson og Sabína S. Halldórsdóttir á ráðstefnu Íslenskar æskulýðsrannsóknar 2013.

**29. nóvember 2013**
SR á fundi í Þrastalundi.

**29. nóvember 2013**
HGG á stjórnarfundi Getrauna.

**4. desember 2013**
BJ á fundi með Íþróttanefnd ríkisins.

**6. desember 2013**
HGG, BJ og ÖG á fundi í Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ.

**9. desember 2013**
HGG á fundi fagráðs ÆV.

**12. desember 2013**
SR á fundi í Þrastalundi.

**17. desember 2013**
SR á fundi í Þrastalundi.

**17. desember 2013**
SR á stjórnarfundi ÆV.

**20. desember 2013**
HGG og SR á fundi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi Erasmus+.

**28. desember 2013**
HGG og SR á kjöri íþróttamanns ársins í Gullhömrum í Grafarvogi.





# 2014

**1. janúar 2014**
HGG í nýjársboði forseta Íslands.

**7. janúar 2014**
SR og Jón Kristján Sigurðsson á fundi með fulltrúum frá Margmiðlun vegna Skinfaxa.

**7. janúar 2014**
SR og Helgi Gunnarsson á fundi með fulltrúum frá Deloitte.

**9. janúar 2014**
SR á fundi að Laugum í Sælingsdal.

**9. janúar 2014**
SR á fundi með vinnuhópi um málefni Þrastalundar vegna tilboða í Þrastalund.

**11. janúar 2014**
HGG á lottóvakt fyrir Íslenska getspá.

**14. janúar 2014**
SR á fundi með Vigdísi Hauksdóttur, formanni fjárlaganefndar Alþingis.

**15. janúar 2014**
SR á stjórnarfundi hjá ÆV.

**16. janúar 2014**
SR á fundi með Jóni Júlíussyni og Bárði Róbertssyni vegna vinnu við stofnun héraðssambands í Kópavogi.

**20. janúar 2014**
SR á fundi með Felixnefnd UMFÍ.

**20. janúar 2014**
SR á fundi með Þrastaskógarnefnd.

**21. janúar 2014**
SR og HeJ á fundi með Hinu íslenska norðurljósafélagi (HÍN) vegna Þrastalundar.

**22. janúar 2014**
HGG og SR á fundi á Sauðárkróki vegna ULM.

**24. janúar 2014**
HGG á stjórnarfundi Getrauna.

**28. janúar 2014**
SR, BJ og HeJ á fundi með Guðmundi Svavarssyni vegna Þrastalundar.

**30. janúar 2014**
SR, HV, HrJ, Sigurður Guðmundsson, Sabína S. Halldórsdóttir og Ómar Bragi Stefánsson á fundi í Borgarnesi um stefnumótun landsmóta UMFÍ.

**31. janúar 2014**
HGG á vinnufundi hjá Íslenskri getspá.

**3. febrúar 2014**
SR á stjórnarfundi ÆV.

**3. febrúar 2014**
Sigurður Guðmundsson og Sabína S. Halldórsdóttir á fundi með stjórn HHF á Patreksfirði.

**5. febrúar 2014**
SR, ÖG og KÓG á fundi með stjórn USVS í Vík í Mýrdal.

**6. febrúar 2014**
SR, Helgi Gunnarsson og Guðbirna K. Þórðardóttir á aðalfundi ÆV.

**7. febrúar 2014**
SR, Jón Kristján Sigurðsson, Sabína S. Halldórsdóttir, Sigurður Guðmundsson og Ómar Bragi Stefánsson á fundi með framkvæmdastjórum sambandsaðila í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

**10. febrúar 2014**
SR á fundi í Þrastalundi.

**17. febrúar 2014**
SR og Helgi Gunnarsson á fundi með Þrastaskógarnefnd.

**19. febrúar 2014**
BJ, ÖG, SR og Sabína S. Halldórsdóttir á fundi með stjórn HSK á Selfossi.

**20. febrúar 2014**
SR, HV, BD, Ómar Bragi Stefánsson og Anna Margrét Tómasdóttir á fundi með stjórn UÍF á Siglufirði.

**24. febrúar 2014**
HGG og BJ á aðalfundi Keflavíkur. Einar Haraldsson sæmdur gullmerki UMFÍ. Jóni Ben Einarssyni og Hjörleifi Stefánssyni veitt starfsmerki UMFÍ. Einar Haraldsson endurkjörinn formaður félagsins.

**24. febrúar 2014**
BJ, SR og HeJ á fundi í Sigtúni með fulltrúa fasteignasölunnar Húseignar.

**25. febrúar 2014**
HGG á stjórnarfundi í Íslenskri getspá.

**26. febrúar 2014**
SR á fundi vegna Þrastalundar.

**27. febrúar 2014**
SR, HV og Ómar Bragi Stefánsson á fundi á Akureyri um stefnumótun landsmóta UMFÍ.

**27. febrúar 2014**
HV, SR og Ómar Bragi Stefánsson á fundi með stjórn UMSE.

**27. febrúar 2014**
HGG og BJ á ársþingi UMSK. Ester Jónsdóttir, Svanur Gestsson og Albert Valdimarsson sæmd gullmerki UMFÍ. Valdimar Leó Friðriksson endurkjörinn formaður.

**28. febrúar 2014**
4. stjórnarfundur UMFÍ í Reykjavík.

**1. mars 2014**
HGG á ársþingi GLÍ.

**1. mars 2014**
HGG við setningu Búnaðarþings.

**2. mars 2014**
HV á ársþingi UMSS. Jón Daníel Jónsson endurkjörinn formaður.

**3. mars 2014**
SR á fundi í Þrastalundi.

# Fundir og ferðir 2013–2014





**5. mars 2014**
Fundur um stefnumótun landsmóta í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

**8. mars 2014**
HGG og ÖG á héraðsþingi HSK. Engilbert Olgeirsson sæmdur gullmerki UMFÍ. Jóhannesi Óla Kjartanssyni, Bjarnheiði Ástgeirsdóttur og Guðmundi Jónassyni veitt starfsmerki UMFÍ. Guðríður Aadnegard endurkjörin formaður.

**8. mars 2014**
HrJ og KÓG á ársþingi UMSB. Sigurður Guðmundsson endurkjörinn formaður.

**10. mars 2014**
HGG, SR og GG á fundi með stjórn USÚ á Höfn.

**11. mars 2014**
HGG, BJ, SR og HeJ undirrituðu samning um sölu Þrastalundar í þjónustumiðstöð UMFÍ.

**11. mars 2014**
HGG, SR, Sigurður Guðmundsson og Flemming Jessen FÁÍA á fundi á Húsavík vegna Landsmóts UMFÍ 50+.

**12. mars 2014**
SR á fundi í Þrastalundi.

**12. mars 2014**
HV á aðalfundi UFA.

**12. mars 2014**
SR og Jón Kristján Sigurðsson á fundi með stjórn UMFN.

**13. mars 2014**
SR á ársþingi USVH. Önnu Maríu Elíasdóttur veitt starfsmerki UMFÍ. Reimar Marteinsson kjörinn formaður.

**13. mars 2014**
HV á ársþingi UMSE. Bjarnveig Ingvadóttir kjörin formaður.

**17. mars 2014**
SR á fundi í Þrastalundi.

**17. mars 2014**
SR á fundi með Þrastaskógarnefnd.

**18. mars 2014**
SR, Helgi Gunnarsson, Sabína S. Halldórsdóttir og Jón Kristján Sigurðsson á fundi með skólastjóra Idrætshøjskolen i Sønderborg.

**18. mars 2014**
SR á fundi vegna stefnumótunar í æskulýðsmálum.

**19. mars 2014**
SR á fundi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Samningur vegna ÆV undirritaður.

**19. mars 2014**
HGG á aðalfundi UMFK. Guðrún Dögg Gunnarsdóttir endurkjörin formaður.

**19. mars 2014**
ÖG, HrJ, Ómar Bragi Stefánsson og Sabína S. Halldórsdóttir á fundi á Selfossi um stefnumótun landsmóta UMFÍ.

**23. mars 2014**
HV og BD á ársþingi HSÞ. Sigfús Haraldur Bóasson og Anna Sigrún Mikaelsdóttir sæmd gullmerki UMFÍ. Freydísi Önnu Arngrímsdóttur og Sigþrúði Stellu Jóhannsdóttur veitt starfsmerki UMFÍ. Jóhanna Kristjánsdóttir endurkjörin formaður.

**25. mars 2014**
HGG á stjórnarfundi hjá Íslenskri getspá.

**25. mars 2014**
SR á fundi í Þrastalundi.

**25. mars 2014**
HGG, SR og HeJ á fundi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu við undirritun þjónustusamnings við UMFÍ.

**26. mars 2014**
SR og Jón Kristján Sigurðsson á fundi með stjórn UÍA á Egilsstöðum.

**26. mars 2014**
SR, GG og Jón Kristján Sigurðsson á fundi vegna stefnumótunar Landsmóta á Egilsstöðum.

**26. mars 2014**
KÓG á aðalfundi UMFF. Jarþrúði Hönnu Jóhannsdóttur og Erni Pálssyni veitt starfsmerki UMFÍ. Jón Karl Ólafsson endurkjörinn formaður.

**29. mars 2014**
Helgi Gunnarsson á ársþingi USVS. Þorsteinn M. Kristinsson kjörinn formaður.

**30. mars 2014**
HrJ á ársþingi UÍA. Andrési Skúlasyni veitt starfsmerki UMFÍ. Gunnar Gunnarsson endurkjörinn formaður.

**31. mars 2014**
HrJ á ársþingi USÚ. Ingólfi Baldvinssyni veitt starfsmerki UMFÍ. Matthildur Ásmundardóttir endurkjörin formaður.

**31. mars 2014**
Aðalfundur USK. Anna Bjarnadóttir endurkjörin formaður. UMFÍ barst ekki boð á fundinn.

**31. mars 2014**
HGG á stjórnarfundi Íslenskrar getspár.

**1. apríl 2014**
Ársþing HHF. Lilja Sigurðardóttir endurkjörin formaður.

**3. apríl 2014**
SR á ársþing HSH. Hörpu Jónsdóttur veitt starfsmerki UMFÍ. Þar sem ekki náðist að kjósa formann var þinginu frestað.

**3. apríl 2014**
HGG á fundi með stjórn Almannaheilla þar sem fjallað var um drög að frumvarpi um þriðja geirann.

**4. apríl 2014**
HGG og SR á setningu Skátaþings.

**5. apríl 2014**
Stefán Skafti Steinólfsson á aðalfundi Landverndar.

**8. apríl 2014**
SR á fundi í Þrastalundi.

**9.–11. apríl 2014**
SR á ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ á Ísafirði.

**10. apríl 2014**
HGG á aðalfundi UMFN. Ólafur Thordersen, Friðrik Pétur Ragnarsson og Páll Kristinsson sæmdir gullmerki UMFÍ. Thor Hallgrímssyni og Andrési Þórarni Eyjólfssyni veitt starfsmerki UMFÍ. HGG færði félaginu gjöf frá UMFÍ í tilefni 70 ára afmælis félagsins. Ólafur Eyjólfsson kjörinn formaður.

**11. apríl 2014**
HGG á stjórnarfundi hjá Íslenskri getspá.

**16. apríl 2014**
SR, Sabína S. Halldórsdóttir og Helgi Gunnarsson á fundi með fulltrúum frá Rúmeníu sem voru að kynna sér starf UMFÍ.

**22. apríl 2014**
HGG og SR á fundi með UMFG og Þorsteini Gunnarssyni frá Grindavíkurbæ varðandi vorfund UMFÍ.

**22. apríl 2014**
SR, HeJ og Helgi Gunnarsson á fundi með fulltrúa Deloitte vegna reikninga.

**23. apríl 2014**
HGG á 10 ára afmæli Blátt áfram og tók á móti viðurkenningu frá félaginu.

**26.–28. apríl 2014**
UMFÍ með sýningarbás á atvinnulífssýningu á Sauðárkróki.

**30. apríl 2014**
HGG, BJ, ÖG, SR, HeJ, Helgi Gunnarsson og Jón Kristján Sigurðsson á aðalfundi Íslenskrar getspár.

**6. maí 2014**
SR á ársþingi UDN. Kristján Garðarsson endurkjörinn formaður.

**7. maí 2014**
SR á stjórnarfundi ÆV.

**11. maí 2014**
GG á aðalfundi UMFG. Gunnlaugur Jón Hreinsson endurkjörinn formaður.

**12. maí 2014**
SR á fundi í Þrastalundi.

**15. maí 2014**
SR og Erlendur Kristjánsson í heimsókn á Laugum og hjá UDN og Dalabyggð.

**15. maí 2014**
Helgi Gunnarsson á aðalfundi UMFÓ. Örvar Guðni Arnarsson kjörinn formaður.

**22. maí 2014**
SR og Jón Kristján Sigurðsson á ársþingi UÍF. Helga Hermannsdóttir og Kristján Hauksson sæmd starfsmerki UMFÍ. Guðný Helgadóttir endurkjörin formaður.

**3. júní 2014**
BJ á fundi hjá Íþróttanefnd ríkisins.

**5. júní 2014**
SR á ársþingi HSV. Jón Páll Hreinsson sæmdur gullmerki UMFÍ. Önnu Lind Ragnarsdóttur og Huldu Gunnarsdóttur veitt starfsmerki UMFÍ. Guðný Stefanía Stefánsdóttir kjörin formaður.

**11. júní 2014**
SR á fundi að Laugum í Sælingsdal þar sem farið var yfir húsnæðið vegna afhendingar þess til Hótel Eddu í sumar.

**12. júní 2014**
Helgi Gunnarsson og Jón Kristján Sigurðsson á aðalfundi Almannaheilla.

**13. júní 2014**
SR og fulltrúi FRÆ á fundi með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra í Stjórnarráði Íslands. Rætt um stuðning við nýja forvarna- og fræðslumiðstöð.

**18. júní 2014**
SR á fundi hjá ÍSÍ um Felixmál.

**20.–22. júní 2014**
HGG, ÖG, BJ, SR, HV, GG, HeJ, RH og BD á Landsmóti UMFÍ 50+ á Húsavík.

**23. júní 2014**
HGG og SR á fundi með Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra. Til umræðu var aukið fjárframlag til UMFÍ í rekstur UMFÍ, til reksturs Lauga og í Unglingalandsmót.

**30. júní 2014**
HGG á stjórnarfundi Íslenskra getrauna.

**1. júlí 2014**
HGG á stjórnarfundi í Íslenskri getspá.

**2. júlí 2014**
HGG, SR og HeJ tóku á móti Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra í þjónustumiðstöð UMFÍ. Ráðherra var kynnt starf UMFÍ.

**3. júlí 2014**
HGG og SR á setningu Landsmóts hestamannafélaga á Hellu.

**7. júlí 2014**
HGG og SR á fundi á Sauðárkróki vegna ULM.

**10. júlí 2014**
HGG og SR tóku á móti Vigdísi Hauksdóttur, formanni fjárlaganefndar Alþingis, í þjónustumiðstöð UMFÍ.

**30. júlí 2014**
HGG og SR tóku á móti Guðlaugi Þór Þórðarsyni, varaformanni fjárlaganefndar Alþingis, í þjónustumiðstöð UMFÍ.

**1.–3. ágúst 2014**
HGG, ÖG, BJ, SR, HV, HeJ, HrJ, GG og RH á ULM á Sauðárkróki.

**20. ágúst 2014**
SR á stjórnarfundi með ÆV.

**20. ágúst 2014**
SR á fundi með fjárhagsnefnd UMFÍ.

**21. ágúst 2014**
Sabína S. Halldórsdóttir á fundi hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna Dags íslenskrar náttúru.

**3.–4. september 2014**
BJ á norrænni mannvirkjaráðstefnu á Akureyri á vegum Íþróttanefndar ríkisins.

**6.–7. september 2014**
HV á Frjálsíþróttaþingi FRÍ 2014.

**9. september 2014**
HGG og SR á aðalfundi Íslenskra getrauna.

**23. september 2014**
HGG og SR á samstarfsfundi með formanni og framkvæmdastjóra ÍSÍ.

**25. september 2014**
SR á ráðstefnu í Hörpu vegna „Lets meet in Reykjavík.“

**27. september 2014**
HGG á lottóvakt í RÚV.

**29. september 2014**
HGG, Sabína Steinunn Halldórsdóttir og Jón Kristján Sigurðsson á blaðamannafundi vegna forvarnadags forseta Íslands.

**29.september 2014**
SR og Ómar Bragi Stefánsson á fundi á Blönduósi vegna Landsmóts UMFÍ 50+.

**30. september 2014**
HGG á stjórnarfundi Íslenskrar getspár.

**30. september 2014**
HGG, SR og Helga Jóhannesdóttir á fundi vegna Þrastalundar.

# Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar og félaga í Ungmennafélagi Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 3. júlí 2014

**Deloitte ehf.**

Benoní Torfi Eggertsson (sign)
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennafélags Íslands höfum yfirfarið ársreikning þennan. Við teljum hann vera í samræmi við lög og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 3. júlí 2014

Borghildur Sigurðardóttir (sign) Örn Pálsson (sign)

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Ungmennafélags Íslands fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tekjur aðalsjóðs og annarra sjóða umfram gjöld á árinu 2013 voru 37,9 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 432.666.452, bókfært eigið fé í árslok er kr. 231.684.775 og er eiginfjárhlutfall félagsins 54%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélags Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík 9. maí 2014

## Í stjórn

Helga Guðrún Guðjónsdóttir (sign)

Haukur Valtýsson (sign)

Helga Jóhannesdóttir (sign)

Örn Guðnason (sign)

Hrönn Jónsdóttir (sign)

Björg Jakobsdóttir (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)

Baldur Daníelsson (sign)

Ragnheiður Högnadóttir (sign)

Kristinn Óskar Grétuson (sign)

Eyrún Harpa Hlynsdóttir (sign)

## Framkvæmdastjóri

Sæmundur Runólfsson (sign)

# Rekstrarreikningur ársins 2013

| | Skýr. | Aðalsjóður 2013 | Aðalsjóður 2012 | Aðalsjóður og aðrir sjóðir 2013 | Aðalsjóður og aðrir sjóðir 2012 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | |
| Ríkisframlag | 8,9,12 | 70.900.000 | 72.900.000 | 112.400.000 | 109.100.000 |
| Önnur framlög | 7-12,14,16 | 6.768.173 | 8.577.253 | 72.961.868 | 64.631.402 |
| Lottó og getraunir | 15,20 | 146.583.229 | 111.267.819 | 156.909.000 | 119.537.440 |
| Þátttökugjöld | 9-12 | 0 | 0 | 53.899.180 | 46.538.050 |
| Sölutekjur | 6,7,13,14 | 16.457.756 | 13.295.450 | 36.415.539 | 33.085.457 |
| Aðrar tekjur | 6,9-12,14,15 | 2.047.259 | 4.018.808 | 9.610.437 | 9.649.437 |
| Söluhagnaður | | 3.422.392 | 2.501.704 | 3.422.392 | 2.501.704 |
| | | **246.178.809** | **212.561.034** | **445.618.416** | **385.043.490** |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | |
| Sameiginlegur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 3,8,12,15,16 | 45.517.006 | 42.626.426 | 87.515.092 | 84.626.717 |
| Erindrekstur, kynning og útbreiðsla | 4,8-12 | 30.512.732 | 29.509.804 | 40.078.580 | 39.893.812 |
| Erlend samskipti | 5,8 | 1.744.768 | 797.135 | 7.938.144 | 5.632.304 |
| Rekstur ungmennabúða | 12 | 0 | 0 | 47.576.441 | 41.424.838 |
| Rekstur fasteigna | 12,13,14 | 0 | 0 | 22.882.192 | 21.388.178 |
| Skinfaxi | 6 | 11.023.948 | 10.214.096 | 11.023.948 | 10.214.096 |
| Mótahald | 9,10,11 | 0 | 0 | 47.914.358 | 31.828.392 |
| Önnur verkefni | 7 | 18.605.844 | 19.150.001 | 18.605.844 | 19.150.001 |
| Lottó til sambandsaðila | | 116.533.689 | 93.328.578 | 116.533.689 | 93.328.578 |
| Félagakerfi - Felix | | 2.128.628 | 3.223.690 | 2.128.628 | 3.223.690 |
| Veittir styrkir | 15,16 | 0 | 0 | 12.936.037 | 10.798.199 |
| Afskriftir | 8,13,14,19 | 5.707.232 | 5.673.899 | 11.501.533 | 11.627.580 |
| | | 231.773.847 | 204.523.629 | 426.634.486 | 373.136.385 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | | **14.404.962** | **8.037.405** | **18.983.930** | **11.907.105** |
| Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspár sf. | 20 | 32.369.719 | 33.184.057 | 32.369.719 | 33.184.057 |
| Fjármagnstekjur | 8,12,14-17 | 428.484 | 280.537 | 1.362.334 | 1.158.887 |
| Fjármagnsgjöld | 8,12-14,17 | (2.361.751) | (2.066.534) | (14.824.417) | (18.342.697) |
| | | 30.436.452 | 31.398.060 | 18.907.636 | 16.000.247 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | **44.841.414** | **39.435.465** | **37.891.566** | **27.907.352** |

# Heildaryfirlit um rekstur 2013

| | Skýr. | Aðalsjóður | Laugar | Evrópu-skrifstofa | ULM | Landsmót | Landsmót 50+ | Fasteign Sigtún 42 | Þrasta-lundur | Fræðslu & verke.sj. | Umhv.-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | | | | | | |
| Ríkisframlag | 8,9,12 | 70.900.000 | 22.800.000 | 9.800.000 | 8.900.000 | | | | | | | 112.400.000 |
| Önnur framlög | 7-12,14,16 | 6.768.173 | 9.690.480 | 32.753.640 | 8.726.040 | 8.795.000 | 4.700.000 | | 1.000.000 | | 528.535 | 72.961.868 |
| Lottó og getraunir | 15,20 | 146.583.229 | | | | | | | | 10.325.771 | | 156.909.000 |
| Þátttökugjöld | 9-12 | | 38.725.180 | | 7.128.000 | 7.102.500 | 943.500 | | | | | 53.899.180 |
| Sölutekjur | 6,7,13,14 | 16.457.756 | | | | | | 18.795.806 | 1.161.977 | | | 36.415.539 |
Námskeiðið Sýndu hvað í þér býr hefur verið haldið á nokkrum stöðum um landið á árinu. Sýndu hvað í þér býr var haldið á ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði og samkvæmt mati á ráðstefnunni þóttu námskeiðin góð. Ungmennaráð sveitarfélagsins í Garði kom á námskeiði um miðjan apríl. Nýstofnað Ungmennaráð Grundarfjarðar fékk námskeið á haustdögum og í lok september var haldið námskeið hjá Ungmennafélagi Selfoss.





## Við erum öll fyrirmynd

Við erum öll fyrirmynd er verkefni sem miðar að því að benda fólki á háttvísi þegar kemur að þátttöku barna í íþróttastarfi. Gert hefur verið veggspjald sem var kynnt á Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki en til stendur að setja efnið á álplötur og koma þeim sem víðast á framfæri í hreyfingunni.



## Framtíðin

Framtíðin er leiðarvísir varðandi áherslur í þjálfun barna og ungmenna. Framtíðin byggist á hugmyndafræði þar sem grunnáhersla er lögð á félagssálfræðilega þjálfun. Framtíðin er að grunni til ætluð þjálfurum félaga en er kynnt öllum sem koma að starfi félags. Síðastliðinn vetur var verkefnið prófað með Umf. Aftureldingu í Mosfellsbæ í samstarfi við Viðar Halldórsson. Skýrsla um framgang mála var send stjórn í lok ágúst og fjallar stjórnin um verkefnið.








# Forvarnadagurinn

Forvarnadagur forsetans – stýrihópur vegna forvarnadags forsetans hóf undirbúning fyrir daginn sjálfan í byrjun maí. Fundir hafa verið haldnir reglulega síðan en dagurinn var haldinn 1. október sl. Stýrihópurinn réðst í endurgerð á myndbandi þar sem kynntar eru þær fjöldahreyfingar er koma að deginum sjálfum. Myndbandið var frumflutt á forvarnadaginn.







# Umhverfismál

Í umhverfisnefnd er m.a. verið að endurskoða umhverfisstefnu samtakanna. Hugmyndavinna er í gangi um umhverfisverkefni á landsvísu en í mörg horn er að líta þegar slík verkefni eru í vinnslu.

Eins og jafnan tók UMFÍ þátt í Degi íslenskrar náttúru sem haldinn er 16. september ár hvert og var stofnaður 2010. Eru einstaklingar, skólar, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök hvött til að hafa daginn í huga í starfsemi sinni. Dagur íslenskrar náttúru er helgaður íslenskri náttúru og þeim sem lagt hafa sitt af mörkum til að fræða um íslenska náttúru. Dagurinn er fæðingardagur Ómars Ragnarsonar. Var hann valinn til að heiðra Ómar vegna mikils starfs hans í þágu náttúruverndar og almenningsfræðslu.



# Þrastaskógur

Þrastaskógur hefur verið í góðu ástandi. Vinnuhópur frá Landsvirkjun klippti greinar meðfram stígum auk þess sem rauðamöl var borin í þá þar sem það átti við. Fimleikadeild Umf. Selfoss hreinsaði rusl við stíga og kring um hús. Félagar úr Umf. Vesturhlíð fjarlægðu skógarvarðarhúsið úr skóginum og búið er að þrífa það svæði og koma í ásættanlegt horf. Nýir eigendur eru að Þrastalundi og sýnist að samstarf þeirra og UMFÍ lofi góðu. Þó þarf að leysa úr nokkrum vafaatriðum sem snúa að leigu Þrastalundar á tjaldstæðinu. Búið er að bæta salernisaðstöðu og af framtíðarverkefnum má minnast á að til stendur að grisja skóginn og gera braut með fram Soginu að tjaldstæðinu sem yrði fær hjólastólum.



# Ungt fólk

## Ungmennaráð UMFÍ



Ungmennaráð UMFÍ er með fastan fundartíma síðasta mánudag í hverjum mánuði. Þetta eru líflegir og skemmtilegir fundir enda ríkir eldmóður á þeim. Ungmennaráðið hefur sótt um styrk til EUF fyrir Snjóboltaverkefninu og fékk ráðið í samstarf með sér The Milton Keynes Leadership Academy í Birmingham. Ráðið hyggst standa fyrir Leiðtogasólarhring í byrjun nóvember næstkomandi fyrir upprennandi leiðtoga í hreyfingunni.






## Ungt fólk og lýðræði

Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin dagana 9.–11. apríl sl. Þema ráðstefnunnar var „Stjórnsýslan og við – áhrif ungs fólks á stjórnsýsluna“. Að þessu sinni sóttu um sjötíu þátttakendur ráðstefnuna og þótti hún takast mjög vel. Svo vildi til að hópurinn varð veðurtepptur á Ísafirði eina nótt en með aðstoð góðra manna gekk allt upp og það gaf til að fljúga daginn eftir.

Héraðssamband Vestfjarða (HSV) og Ísafjarðarbær voru gestgjafar ráðstefnunnar að þessu sinni og komu að undirbúningi hennar í samstarfi við UMFÍ. Undirbúningur fyrir næstu ungmennaráðstefnu UMFÍ, sem haldin verður dagana 25.–27. mars 2015, er þegar kominn á fullt skrið.







## Ganga.is

Gönguvefurinn ganga.is fær fjöldann allan af heimsóknum í hverjum mánuði. Flestar heimsóknirnar eru samt yfir sumarmánuðina. Vefsíðan hefur að geyma upplýsingar um fjölmargar gönguleiðir um allt land ásamt fréttum og ýmsum fróðleiksmolum er varða hreyfingu. Einnig má finna á síðunni yfirlit yfir sundstaði á landinu, golfvelli og fjallaskála. Á síðunni er líka hægt að halda utan um eigin hreyfingu allt árið í tengslum við verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga! Þá er hægt að skrá þau fjöll sem gengið er á og halda þannig skrá yfir þær upplýsingar.



## Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem UMFÍ hefur staðið fyrir í nokkur ár. Verkefnið hefur gengið mjög vel og margir sem taka þátt í því á hverju ári.

Sambandsaðilar tilnefna fjöll í verkefnið ár hvert. Í ár voru sextán fjöll í verkefninu. Þeir auglýsa göngur á fjöllin og kössum er komið fyrir á þeim, með bókum til að skrá í þátttökuna. Fólk er hvatt til að skrifa nöfn sín í bókina þegar tindinum er náð. Í lok verkefnisins eru nokkrir heppnir þátttakendur dregnir út og fá verðlaun.

Rætt hefur verið að merkja gönguleiðir á fjöll þau sem hafa verið tilnefnd í verkefnið í gegnum árin en þau eru um eitt hundrað talsins. Sérstök skilti hafa verið útbúin og verður þeim komið fyrir á viðeigandi stöðum. Mun þetta án efa vekja enn meiri athygli á verkefninu og auðvelda göngufólki að finna þá staði þar sem hefja skal göngu á fjöllin.



## Göngubókin – Göngum um Ísland

Göngubókin kom út í byrjun sumars eins og undanfarin ár. Bókin er alls 132 síður með lýsingum á 280 stuttum gönguleiðum víðs vegar um landið. Í bókinni er einnig að finna 16 gönguleiðir á fjöll. Þá hefur hún að geyma ýmsan annan fróðleik, t.d. um það hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókinni var dreift á alla helstu ferðamannastaði, sundstaði og í íþróttahús.

Stefnt er að því næsta vor að setja upp skilti með upphafsstöðum gönguleiða víðs vegar um land. Verkefnið verður unnið í samstarfi við sambandsaðila UMFÍ. Mun þetta auka aðgengi göngufólks að gönguleiðum á fjöll. Verkefnið í heild sinni hefur alltaf staðið fyrir sínu og er í stöðugum vexti. Á annan tug þúsunda göngufólks nýtir sér verkefnið á einn eða annan hátt á hverju ári.



## 4. Landsmót UMFÍ 50+ 2014

Fjórða Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Húsavík dagana 20.–22. júní sl., en mótshaldari var Héraðssamband Þingeyinga, HSÞ. Aðstaða til keppni á Húsavík var öll til fyrirmyndar. Þó nokkrar endurbætur voru gerðar á frjálsíþróttavellinum fyrir mótið en honum hafði lítið verið haldið við undanfarin ár. Undirbúningur fyrir mótið stóð yfir í nokkra mánuði og gekk mjög vel. Mótshaldið allt gekk eins og fyrirfram var áætlað, en keppt var í átján keppnisgreinum. Þátttaka var aðeins meiri en árið áður eða rétt yfir fjögur hundruð keppendur. Greinilegt er að áhugi er fyrir þessu móti sem á eftir að vaxa á næstu árum. Mikið var lagt upp úr fræðslu um heilbrigði og hollustu á mótinu. Boðið var t.d. upp á heilsufarsmælingar sem alltaf eru jafn vinsælar. Keppendur og gestir skemmtu sér konunglega í góðu veðri alla helgina og fóru glaðir og sælir til síns heima.







## 17. Unglingalandsmót UMFÍ 2014









Sautjánda Unglingalandsmót UMFÍ tókst vel í alla staði. Keppendur voru um 1.500 talsins og er það töluverð fjölgun frá mótinu sem var haldið á Sauðárkróki árið 2009.

Íþróttakeppnin gekk vel enda góðir sérgreinastjórar sem sáu um keppnisgreinarnar. Mótssvæðin voru til fyrirmyndar enda lagði Sveitarfélagið Skagafjörður metnað í að gera þau sem best úr garði. Nýtt keppnisfyrirkomulag, Monrad, var reynt í knattspyrnu og körfubolta. Gekk það vel að mestu leyti og voru keppendur og forráðamenn ánægðir. Með Monrad-kerfinu keppa lið yfirleitt við lið í sama styrkleika. Stór töp og stórir sigrar verða sjaldséðari og jafnari keppni verður á mótinu. Einnig var hægt að raða knattspyrnu- og körfuboltakeppninni þannig upp að leikir rækjust ekki á í sömu aldursflokkum.

Keppni í dansi var slegin af nokkru fyrir mót þar sem lítill áhugi var á henni. Hringt var um land allt og þátttaka könnuð. Í kjölfar þess var ákveðið að hætta við keppnina.

Mikið var lagt í afþreyingu á mótinu og tókst sú dagskrá afar vel. Margir frábærir tónlistarmenn tóku þátt í dagskránni ásamt öðru listafólki. Risatjald UMFÍ var á miðju afþreyingarsvæðinu sem nefnt var Landsmótsþorpið. Þar skemmtu ungmennin sér frá morgni til kvölds.

Mótssetning og mótsslit gengu einnig vel en aðeins var breytt út af fyrri venjum og reynt að taka tillit til óska ungmennanna eins og mögulegt var.

## 18. Unglingalandsmót UMFÍ 2015

Næsta Unglingalandsmót verður haldið á Akureyri árið 2015. Nokkrir fundnir hafa nú þegar verið haldnir með aðilum sem munu koma að mótinu. Unnið er að því að setja saman Unglingalandsmótsnefnd sem mun síðan hefja formlega vinnu við undirbúning mótsins.

## NSU – Nordisk Samorganisation for Ungdomsarbejde

Aðalfundur NSU var haldinn í lok apríl í Noregi. Gunnar Gunnarsson og Jörgen Nilsson sátu fundinn ásamt Sabínu Halldórsdóttur landsfulltrúa.

Ungmennavika NSU fór fram í Noregi á vegum Norsk Frilynt. Þema vikunnar að þessu sinni var leikhús, kvikmyndagerð og menning tengt norrænum glæpasögum. Sextán ungmenni alls staðar af landinu sóttu vikuna að þessu sinni og var almenn ánægja með ferðina.

Leiðtogaskóli NSU var haldinn dagana 4.–10. ágúst sl. og stóð Føroya Ungdómsráð, FUR, fyrir honum. Fór skólinn fram í Selstæd. Þema leiðtogaskólans í ár var nýsköpun, hugmyndavinna og efling ungs fólks á Norðurlöndum. Í leiðtogaskólanum fengu þátttakendur að kynnast færeyskri náttúru, mat og menningu í bland við útiveru og útivist. Fimm ungmenni sóttu leiðtogaskólann í ár, þar af tveir verðandi starfsmenn Ungmennabúða UMFÍ að Laugum.





## ISCA International Sport and Culture Association

Fulltrúi UMFÍ sótti fundi í byrjun júní fyrir verkefnastjóra Move Week í Evrópu sem haldinn var í Birmingham í Englandi. Hreyfivikan - Move Week var til umfjöllunar og var fluttur fjöldi góðra erinda um hreyfingu.

Á vordögum sótti Harpa Hreinsdóttir námskeið á vegum ISCA í námskeiðaröðinni Yes We Run sem var haldið í Graçay í Frakklandi. Yes We Run er hluti af NowWeMove herferð ISCA en aðalverkefni herferðarinnar er Hreyfivikan - Move Week sjálf.



## Lýðháskólar

Skilað var inn umsókn til Nordplus vegna lýðháskólanna en endurnýja þurfti samstarfssamninga við lýðháskólana og skrá alla aðila inn í nýtt umsóknarkerfi. Því miður fékkst ekki styrkur að þessu sinni til að styrkja ungmenni til lýðháskóladvalar. Fulltrúar tveggja skóla hafa heimsótt UMFÍ og haldið kynningar á skólum sínum.






## Erlendir gestir

Starfsmenn UMFÍ taka reglulega á móti erlendum gestum sem vilja kynna sér starfsemi UMFÍ. Á árinu hafa komið gestir frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Rúmeníu sem eru í samstarfi við UMFÍ á einn eða annan hátt í gegnum ISCA og NSU.

# Ýmis verkefni

## Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum

Aldrei hefur aðsókn verið meiri í Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum, en sl. vor höfðu 1650 nemendur tryggt sér dvöl sem er meira en nokkurn tíma hefur gerst áður. Búast má við 2000 nemendum næsta starfsár. Það sama má segja um önnur verkefni og helgarhópa enda er staðurinn orðinn þekktur fyrir að vera með flotta aðstöðu og gott útisvæði fyrir ýmsa útivistarhópa. Í ágúst dvöldu sjálfboðaliðar frá Seeds í þrjár vikur að Laugum við uppbyggingu á Lillulundi, lágþrautabraut og við að merkja gönguleiðir í kring. Útisvæðið hefur tekið miklum breytingum til hins betra. Sjón er sögu ríkari.









## Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var starfræktur á fjórum stöðum í sumar, í Borgarnesi, á Laugum í Reykjadal, Egilsstöðum og Selfossi. Mjög góð þáttaka var á öllum stöðum í ár. Aldrei hafa t.d. fleiri mætt í skólann á Selfossi en í sumar. Skólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11–18 ára. Aðaláhersla er lögð á kennslu í frjálsum íþróttum. Auk frjálsra íþrótta er farið í sund, leiki, óvissuferðir og haldnar eru kvöldvökur. Unga fólkið lætur mjög vel af dvölinni og koma sömu ungmennin ár eftir ár í skólann.





# Skinfaxi

Tvö tölublöð af Skinfaxa hafa komið út á þessu ári auk tveggja blaða í dagblaðsstærð sem ákveðið var að gefa út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík og Unglingalandsmótið á Sauðárkróki. Þau blöð voru hugsuð sem kynning á mótunum. Stóru blöðin voru prentuð í stærra upplagi og var þeim dreift víðar, m.a. í byggðarlögum í nágrenni landsmótsstaðanna.

Fyrsta tölublað ársins af Skinfaxa kom út í lok mars og annað blaðið um miðjan júlí. Júlí-blaðið innihélt mikið af efni um UMFÍ og var dreift á Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki.

Vinnan við blöðin gekk vel, efnistök voru vönduð og söfnun auglýsinga gekk vel. Nokkrir nýir auglýsendur komu inn og verða áfram með í næstu blöðum. Dreifing á blaðinu var með sama hætti og áður. Mesta dreifingin fór í gegnum N1 en blaðið lá frammi á mörgum stöðvum fyrirtækisins vítt og breitt um landið. Önnur hefðbundin dreifing var til áskrifenda, héraðssambanda, félaga, skóla og fjölmiðla, svo einhverjir séu nefndir.

Tvö síðustu tölublöð þessa árs koma út í október og desember. Í samvinnu við útgáfunefnd hafa breyttar áherslur hvað efnistök og annað litið dagsins ljós. Lögð verður áhersla að hafa blaðið líflegt og áhugavert eins og jafnan, með góðu efni úr hreyfingunni.







# Eldri ungmennafélagar

Verkefnum tengdum eldri ungmennafélögum hefur fjölgað mikið undanfarin ár og er greinilegt að mikil þörf er á að sinna þessum hópi. Mikil vakning er í hreyfingu eldri ungmennafélaga sem má að einhverju leyti þakka tilkomu Landsmóta UMFÍ 50+.

Nefnd eldri ungmennafélaga sinnir ýmsum verkefnum eins og t.d. útbreiðslu ýmissa íþróttagreina fyrir eldra fólk. Mikilvægt er að hitta þá hópa sem eru áhugasamir um hreyfingu hvers konar til að koma þeim af stað í reglulegar æfingar. Nokkrar ferðir voru farnar í vor til að kynna það sem er í boði fyrir eldri ungmennafélaga og til að kynna um leið Landsmót UMFÍ 50+. Ljóst er að þessar ferðir studdu að aukinni þátttöku á Landsmóti UMFÍ 50+ á Húsavík.









# Evrópa unga fólksins 2014

Erasmus+, ný samstarfsáætlun Evrópusambandsins sem sameinar mennta-, æskulýðs- og íþróttamál undir einn hatt, tók til starfa 1. janúar 2014. Evrópa unga fólksins sér um æskulýðshluta áætlunarinnar. Vegna hækkandi rekstrarkostnaðar og þar sem fjármagn til rekstrar hækkaði ekki að sama skapi var gripið til þess ráðs að fækka um einn starfsmann og lét Sölvi Karlsson af störfum um mitt ár. Þeir starfsmenn sem eftir eru leggja sitt af mörkum til þess að halda í horfinu en augljóst er að eitthvað verður undan að láta.

Margt er óbreytt varðandi styrkina frá fyrri áætlun en einnig bættist við nýr flokkur sem nefnist Stefnumiðuð samstarfsverkefni, þar sem um er að ræða fjölþjóðleg verkefni sem m.a. geta miðað að því að þróa samstarf í æskulýðsstarfi sem stuðlar að nýsköpun og miðlun reynslu og þekkingar.





# Lottó og lottóúthlutanir 2012

### I. Skipting lottótekna UMFÍ:

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

### II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

### III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir:

Einn hlutur héraðssambönd:
30% af hlut: Keflavík, UMFN, UMFG, Umf. Fjölnir, Umf. Þróttur og Umf. Akureyrar.
10% af hlut: Umf. Óðinn, Umf. Víkverji, Umf. Kjalnesinga, Umf. Glói, Umf. Vesturhlíð og Umf. Skipaskagi.

### IV. Regla vegna íbúafjölda:

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga, sem starfa innan sama sveitarfélags, getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

### V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagaskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

### VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.
Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla, sem hefur verið fryst í tvö ár, rennur í Verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

### VII. Nýir sambandsaðilar

Nýir sambandsaðilar UMFÍ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari 38 mánuðum eftir inngöngu.
Félög með beina aðild að UMFÍ halda óskiptum lottógreiðslum, þar til héraðssamband þess fær lottógreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

### VIII. Um úthlutun

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

### Bráðabirgðaákvæði

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 45. sambandsráðsþingi UMFÍ 2007.

## Lottóúthlutun 2013

| | Krónur |
|---|---|
| UMSK | 34.960.120 |
| HSK | 12.632.255 |
| UMFF | 9.800.486 |
| UÍA | 6.397.701 |
| Keflavík | 5.745.114 |
| HSÞ | 3.798.999 |
| HSV | 3.775.693 |
| UMSS | 3.670.813 |
| UMSB | 3.670.813 |
| HSH | 3.542.624 |
| UMSE | 3.332.866 |
| UMFN | 2.959.954 |
| USÚ | 2.610.357 |
| UÍF | 2.505.476 |
| USAH | 2.179.181 |
| USVH | 2.085.956 |
| HHF | 1.922.808 |
| UDN | 1.899.500 |
| USVS | 1.829.580 |
| HSS | 1.748.006 |
| HSB | 1.666.433 |
| UMFG | 1.025.498 |
| UFA | 943.923 |
| UMFÞ | 932.270 |
| UMFK | 384.562 |
| USK | 221.413 |
| Vesturhlíð | 174.801 |
| UMFÓ | 69.923 |
| Víkverji | 46.564 |
| **Samtals** | **116.533.689** |

# Felix – félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Hlutverk Felix er fyrst og fremst að halda utan um skráningar og íþróttaþátttöku landsmanna. Í einum samræmdum grunni geta allir þeir, sem koma að íþróttaiðkun í landinu, nálgast sömu gögn sem tryggir að allir hafa réttar upplýsingar í höndunum.

Nokkur námskeið í Felix voru haldin á árinu og er kerfið í sífelldri þróun. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist það til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

Þjóðskrá kerfisins er uppfærð mánaðarlega sem auðveldar til muna allt utanumhald. Þá er hægt að halda utan um netföng einstaklinga og senda tölvupóst beint úr kerfinu.

Kerfið býður upp á öfluga aðgangsstýringu sem gerir félögum kleift að aðgangsstýra kerfinu. Þannig er t.d. hægt að gefa þjálfurum aðgang til að skrá og uppfæra iðkendur sína og allar breytingar sem verða gerast miðlægt sem tryggir að alltaf er verið að horfa á réttar upplýsingar.

# Getspá – Getraunir



Gríðarlega ör þróun hefur orðið í hugbúnaðar- og sölukerfismálum hjá lottófyrirtækjum í heiminum. Stjórnendur Getspár – Getrauna hafa fylgst með þessari þróun á undanförnum árum og fyrirtækið hefur að vissu leyti náð að fylgja þróuninni eftir. Á síðustu þremur árum hefur þróunin hins vegar orðið mun hraðari með tilkomu ólöglegra fyrirtækja sem hafa starfsskjól á Möltu, Gíbraltar og í Asíu. Þessi fyrirtæki hafa varið miklum fjármunum í að byggja upp hraðari sölukerfi og fjölbreyttari sölumöguleika. Stóru erlendu ríkislottóin hafa náð að fylgja þessari þróun eftir en mikill fjöldi minni fyrirtækja á þessu sviði hefur setið eftir. Stjórnir Getspár - Getrauna samþykktu á árinu 2013 að fara í viðamikla uppbyggingu á sölukerfum, vélbúnaði og hugbúnaði fyrirtækisins til að koma til móts við breytta tíma og styrkja stöðu fyrirtækjanna til lengri tíma litið.

Ákveðið var að endurnýja samning við Scientific Games til ársins 2018 og semja við dótturfyrirtæki þeirra, Parspro, um sportlausnir. Fram undan eru spennandi tímar í mikilli uppbyggingu sem taka munu mikinn tíma og fé, sem örugglega skila okkur fram á veg í þessum málaflokki. Helstu sjáanlegu breytingarnar felast í innleiðingu á nýjum, öflugum sölukössum ásamt upplýsingaskjáum fyrir neytendur en gert er ráð fyrir að sú innleiðing eigi sér stað haustið 2014. Skipt verður út vélbúnaði veturinn 2014/2015 og er það kostnaðarsöm framkvæmd. Í framhaldinu verða innleidd afar fullkomin sportleikjasölukerfi, þ.e. Live Betting (Lengjan beint), með möguleikum á framboði fjölda leikja, öflugu getraunakerfi og síðast en ekki síst verða teknar í notkun stýrikerfisóháðar lausnir (responsive web client) sem tryggja að neytandinn geti keypt vörur okkar með hinum ýmsu símaog tölvukerfum, þ.e. Iphone, Android, spjaldtölvum o.fl. Í lok innleiðingarinnar haustið 2015 verður svo sölugrunni Betware skipt út fyrir sölugrunn Parspro.

Eitt af aðalmarkmiðum þessarar innleiðingar er að koma henni í betra fjárhagslegt jafnvægi en verið hefur áður. Með því að skipta áherslum á 2–3 ár munu eignaraðilar finna minna fyrir fjárfestingunni. Einnig er talið að lengri innleiðing létti álagi af starfsmönnum okkar. Það er von mín og trú að þessi mikilvægu skref verði fyrirtækjunum til framdráttar.

Stjórnendur Getrauna hafa haft nokkrar áhyggjur af þróun á happdrættismarkaði á undanförnum árum og bent á mikilvægi þess að koma á lagabreytingu til að vernda innlenda happdrættisstarfsemi. Ekki virðist vera hljómgrunnur fyrir því að banna greiðsluþjónustu vegna ólöglegra spilafyrirtækja en samt finnum við stuðning við mikilvægi fyrirtækisins í þágu íþróttahreyfingarinnar. Happdrættisnefnd, sem er ráðgefandi nefnd á vegum innanríkisráðherra, hefur unnið að nýju frumvarpi um happdrættismál. Krafa okkar er og verður sú að fyrirtækið verði verndað fyrir ólöglegum erlendum spilafyrirtækjum hérlendis, að starfsumhverfið verði tryggt til lengri tíma, að fyrirtækin á innlendum markaði verði öll með vottaða starfsemi og að happdrættisfyrirtækin verði ekki látin greiða háar upphæðir til hins sístækkandi eftirlitsiðnaðar.

Að lokum viljum við hnykkja á mikilvægi þess að eignaraðilar okkar standi áfram vörð um fyrirtækin og tryggi starfsgrundvöll þeirra til lengri tíma litið.

Stjórn Íslenskrar getspár:
Þóra Þórarinsdóttir ÖBÍ formaður
Lárus Blöndal ÍSÍ varaformaður
Helga G. Guðjónsdóttir UMFÍ
Gunnar Bragason ÍSÍ
Vífill Oddsson ÖBÍ

Stjórn Íslenskra getrauna:
Hafsteinn Pálsson ÍSÍ, formaður
Helga G. Guðjónsdóttir UMFÍ
Geir Þorsteinsson KSÍ
Óskar Ármannsson Íþróttanefnd ríkisins
Lilja Sigurðardóttir ÍBR

Framkvæmdastjóri Getspár – Getrauna er Stefán Konráðsson

# Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV), samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar var stofnaður árið 2007 en formleg stofnun fór fram sumarið 2012. Markmið og tilgangur ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir. Jafnframt er það markmið og tilgangur ÆV að tryggja enn betur öryggi og velferð barna og ungmenna innan aðildarfélaga ÆV og treysta stoðir faglegs starfs. Öll aðildarfélög vinna að öflugu starfi með börnum og ungu fólki og er það hagur þeirra allra að vinna saman að málefnum barna.

Síðustu ár hafa verið mjög öflug í starfi ÆV. Verkefni, sem ÆV hefur unnið að, eru: Siðareglur um samskipti fyrir starfsmenn og sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum og hins vegar siðareglur um rekstur og ábyrgð fyrir þá sem sitja í stjórnum og bera ábyrgð í félögum. Aðgerðaáætlun ÆV gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun sem og eineltisveggspjald og fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála. Námskeiðið Verndum þau og námskeið í notkun á Litla-Kompási. Starfsreglur um meðferð kynferðisbrota. Allar nánari upplýsingar um verkefni og störf ÆV má finna á heimasíðunni www.aeskulydsvettvangurinn.is





# Styrktarsjóðir UMFÍ

Innan vébanda UMFÍ eru starfræktir tveir styrktarsjóðir, en þeir eru Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ og Umhverfissjóður UMFÍ. Félög, félagsmenn og sambandsaðilar geta sótt um framlög úr þessum sjóðum eins og fram kemur í reglugerðum um þá.

**Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ**
Fræðslusjóðurinn var stofnaður árið 1943 til minningar um Aðalstein Sigmundsson sem var formaður UMFÍ frá 1930 til 1938. Verkefnasjóðurinn var stofnaður árið 1987. Samþykkt var á 47. sambandsþingi UMFÍ á Akureyri 2011 að sameina þessa tvo sjóði í einn sjóð sem nefnist núna Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ.
Sjóðnum er markaður tekjustofn sem er 7% af lottótekjum UMFÍ.

**Umhverfisjóður**
Sjóðurinn var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993 og ber sjóðurinn nafn hans. Stofnfé sjóðsins er framlag fjölskyldu Pálma heitins og UMFÍ.
Á tímabili var sjóðnum markaður tekjustofn sem var framlag sambandsaðila UMFÍ. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008.

# Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

**Reglugerð fyrir Fræðslu- og verkefnasjóð**

1. grein
Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Sigmundssonar og er fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.
2. grein
Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.
3. grein
Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga.
4. grein
Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundraðshluti af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótekna, nú 7%, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni.
5. grein
Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári, sem næst 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Umsóknir, á þar til gerðu eyðublaði, þurfa að berast fyrir 1. apríl vegna maíúthlutunar og fyrir 1. október vegna úthlutunar í nóvember. Sjóðsstjórn ákveður styrkupphæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.
Fyrir hverja úthlutun skal sjóðsstjórn auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og í fjölmiðla. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupphæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.
6. grein
Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlega verkefna hreyfingarinnar.
7. grein
Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur.
8. grein
Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birtast árlega í skýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á sambandsþingi eða sambandsráðsfundi.
9. grein
Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.
10. grein
Reglugerð þessari verður aðeins breytt á sambandsþingi UMFÍ og þarf að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða.

# Umhverfissjóður UMFÍ

**Reglugerð fyrir Umhverfissjóð**

1. grein
Sjóðurinn heitir Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar – formaður 1979-1993.
Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.
Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigtúni 42, 105 Reykjavík, sem sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan hátt.
2. grein
Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar.
3. grein
Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar ásamt ungmennafélagshreyfingunni og aðrir velunnarar.
4. grein
Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum, skipuðum af stjórn UMFÍ.
5. grein
Úthlutunarreglur:
Umsóknir skulu berast á þar til gerðum umsóknarblöðum sem finnast á heimasíðu UMFÍ og skilist til þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík.
Umsóknir skulu berast fyrir 15. apríl ár hvert og tilkynnt skal um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár.
Skilyrði fyrir styrkjum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og verkefnið sé umhverfisverkefni. Auglýst skal eftir styrkþegum á heimasíðu UMFÍ, Skinfaxa og öðrum málgögnum UMFÍ. Ekki skal úthlutað meiru en sem nemur 90% af árlegri ávöxtun sjóðsins.
6. grein
Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag og árangur, fyrir lokagreiðslu, sem ekki sé meiri en 30% af styrknum.
7. grein
Sjóðsstjórn skal skila árlega skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins sem birtist í ársskýrslu UMFÍ.
8 grein
Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.
9. grein
Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á sambandsþingi UMFÍ.

# Ungmennafélag Íslands

Ungmennafélag Íslands er landssamband ungmennafélaga, skammstafað UMFÍ. Markmið hreyfingarinnar er Ræktun lýðs og lands og kjörorðið er Íslandi allt. Fáni UMFÍ er Hvítbláinn.

Innan Ungmennafélags Íslands eru 18 héraðssambönd og 11 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru í hreyfingunni 300 félög með tæplega 105.000 félagsmenn. UMFÍ leggur áherslu á að allir geti verið með og að þátttaka er lífsstíll.

Í markmiði UMFÍ felst að rækta það besta hjá hverjum einstaklingi og einnig að leggja rækt við íslenska tungu og menningu. Ennfremur að vernda náttúru landsins og að græða þau sár sem myndast hafa í samskiptum lands og þjóðar eða fyrir tilstuðlan náttúrunnar sjálfrar.

Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum.

Ungmennafélagshreyfingin rekur þjónustumiðstöð UMFÍ í Sigtúni 42 í Reykjavík. Þaðan er hinum rúmlega 100 þúsund félagsmönnum þjónað.

Starfið er mjög fjölbreytt um allt land, þar sem fram fer fjölþætt menningarstarfsemi. Íþróttir eru fyrirferðarmestar, en fjölmargt annað fer þar fram. Til dæmis halda mörg félög uppi öflugri leiklistarstarfsemi og fjölmörg taka mikinn þátt í umhverfisverkefnum. Hefur hreyfingin í heild unnið þar viðamikið starf. Ungmennafélögin gegna víða veigamiklu hlutverki í æskulýðsstarfi sveitarfélaga og sinna margvíslegum verkefnum í samstarfi við þau. Ungmennafélag Íslands tekur mikinn þátt í erlendu samstarfi og þá mest innan Norðurlandanna.

**Ágrip af sögu UMFÍ**

Ungmennafélag Íslands var stofnað á Þingvöllum 2. ágúst árið 1907, en fyrsta ungmennafélagið, Umf. Akureyrar, var stofnað á Akureyri í ársbyrjun 1906. Ungmennafélagshugsjónin fór sem eldur í sinu um landið og barátta hófst strax fyrir betra landi, bættri þjóð og því varð kjörorðið Ræktun lýðs og lands. Hreyfingin hafði strax mikil þjóðfélagsleg áhrif, jók félagsþroska fólks, bjartsýni og trú á land og þjóð.

Ungmennafélagar hófu strax að klæða landið skógi, byggðu sundlaugar og samkomuhús, sköpuðu aðstöðu til íþróttaiðkunar, juku samkomuhald, héldu málfundi þar sem fólk lærði að koma fram. Barátta hófst fyrir byggingu héraðsskóla, sem urðu undirstaða menntunar í dreifbýli. Það var fátt sem ungmennafélagar létu sig ekki varða ef það var landi og lýð til hagsbóta.

Árið 1909 hóf Ungmennafélag Íslands að gefa út tímaritið Skinfaxa. Blaðið hefur alla tíð haft mikið gildi, en það hefur komið út óslitið út frá 1909.

Árið 1911 gaf Tryggvi Gunnarsson bankastjóri UMFÍ stórt landssvæði við Álftavatn. Þetta land fékk nafnið Þrastaskógur og er ein fegursta gróðurperla á suðvesturhorni landsins.

Fyrstu Landsmót Ungmennafélags Íslands hófust árið 1911 og urðu þau tvö í byrjun. Síðan voru þau endurreist árið 1940 og hafa verið haldin óslitið síðan, þriðja hvert ár. Landsmótin eru nú orðin 26 frá upphafi. Þar koma þúsundir félaga saman og reyna með sér í flestum íþróttagreinum. Þessi mót hafa verið kölluð Ólympíuleikar Íslands, enda stærstu og glæsilegustu íþróttamót sem haldin eru á landinu. 27. Landsmót UMFÍ var haldið á Selfossi 2013.

Árið 1992 var fyrsta Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Dalvík, en samtals hafa 17 mót verið haldin. Frá 2002 hafa þau verið haldin árlega. Næstu Unglingalandsmót verða haldin á Akureyri 2015, í Borgarnesi 2016 og á Egilsstöðum 2017.

Fyrsta Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Hvammstanga 2011. Næstu Landsmót UMFÍ 50+ verða haldin á Blönduósi 2015 og á Ísafirði 2016.

## Ýmis verkefni UMFÍ

2017 28. LANDSMÓT UMFÍ

2015 18. UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ AKUREYRI

2015 5. LANDSMÓT UMFÍ 50+ BLÖNDUÓSI

Göngum um Ísland ganga.is

LEIÐTOGA SKÓLINN

LAUGAR Ungmenna- og tómstundabúðir Ungmennafélags Íslands

EUF EVRÓPA UNGA FÓLKSINS

# Hvatningarverðlaun UMFÍ

**23. október 2005**
44. sambandsþing UMFÍ, Egilsstöðum:
**Héraðssamband Vestfirðinga**
– fyrir velheppnað átak í auknu félagsstarfi tengdu getraunastarfi.

**27. október 2006**
35. sambandsráðsfundur UMFÍ, Flúðum:
**Ungmennafélagið Skipaskagi**
– fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf á sviði íþrótta- og ungmennafélagsmála.
**Keflavík íþrótta- og ungmennafélag**
– fyrir öflugt og metnaðarfullt íþrótta- og ungmennafélagsstarf á breiðum grunni.

**21. október 2007**
45. sambandsþing UMFÍ, Þingvöllum:
**Héraðssambandið Skarphéðinn**
– fyrir framúrskarandi starf að kynningarmálum.

**11. október 2008**
36. sambandsráðsfundur UMFÍ, Stykkishólmi:
**Héraðssamband Þingeyinga**
– fyrir að koma á fót akstursssjóði HSÞ.

**11. október 2009**
46. sambandsþing UMFÍ, Reykjanesbæ:
**Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands**
– fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

**16. október 2010**
37. sambandsráðsfundur UMFÍ, Egilsstöðum:
**Ungmennasamband Eyjafjarðar**
– fyrir framúrskarandi uppbyggingarstarf.

**16. október 2011**
47. sambandsþing UMFÍ, Akureyri:
**Héraðssamband Vestfirðinga**
– fyrir nýjungar í starfi og öflugt samstarf við sveitarfélagið.

**13. október 2013**
48. sambandsþing UMFÍ, Stykkishólmi
**Héraðssamband Þingeyinga**
– fyrir kröftugt og metnaðarfullt starf á sviði íþrótta- og æskulýðsmála í kjölfar sameiningar HSÞ og UNÞ.

# Heiðursviðurkenningar UMFÍ

## Heiðursfélagar UMFÍ

| | |
|---|---|
| Jóhannes Jósefsson | 1927/1957 |
| Þórhallur Björnsson | 1927 |
| Helgi Valtýsson | 1927/1957 |
| Guðmundur Jónsson frá Mosdal | 1933 |
| Vigfús Guðmundsson | 1940 |
| Björn Guðmundsson | 1943 |
| Björn Jakobsson | 1946 |
| Bernharð Stefánsson | 1957 |
| Guðbrandur Magnússon | 1957 |
| Jón Helgason | 1957 |
| Anders Skåsheim | 1957 |
| Eiríkur J. Eiríksson | 1969 |
| Sigurður Greipsson | 1969 |
| Skúli Þorsteinsson | 1971 |
| Þorsteinn Einarsson | 1982 |
| Hafsteinn Þorvaldsson | 1987 |
| Guðjón Ingimundarson | 1987 |
| Sigurður Geirdal | 1993 |
| Pálmi S. Gíslason | 1997 |
| Þórir Jónsson | 2005 |
| Björn Bjarndal Jónsson | 2011 |

## Gullmerki UMFÍ

| | |
|---|---|
| Daníel Ágústínusson, UMFÍ | 1972 |
| Þorsteinn Einarsson | 1972 |
| Jón Stefánsson, UMSE | 1972 |
| Ármann Pétursson, UMFÍ | 1973 |
| Gísli Andrésson, UMSK | 1973 |
| Stefán Ólafur Jónsson, UMFÍ | 1973 |
| Kjartan B. Guðjónsson, GLÍ | 1975 |
| Valdimar Óskarsson, UMFÍ | 1975 |
| Óskar Ágústsson, HSÞ | 1976 |
| Gunnar Sveinsson, Keflavík | 1977 |
| Pálmi S. Gíslason, UMSK | 1978 |
| Jóhannes Sigmundsson, HSK | 1981 |
| Þórir Þorgeirsson, HSK | 1981 |
| Hafsteinn Þorvaldsson, HSK | 1981 |
| Gísli Halldórsson, ÍSÍ | 1982 |
| Hermann Guðmundsson, ÍSÍ | 1982 |
| Sveinn Björnsson, ÍSÍ | 1982 |
| Guðjón Ingimundarson, UMSS | 1984 |
| Páll Aðalsteinsson, UMSK | 1984 |
| Axel Jónsson, UMSK | 1985 |
| Þórður J. Pálsson | 1985 |
| Bergur Torfason, HVÍ | 1987 |
| Björn Ágústsson, UÍA | 1987 |
| Diðrik Haraldsson, HSK | 1987 |
| Jón G. Guðbjörnsson, UMSB | 1987 |
| Þóroddur Jóhannsson, UMSE | 1987 |
| Guðmundur H. Sigurðsson, USVH | 1991 |
| Hörður S. Óskarsson, Vesturhlíð | 1992 |
| Magndís Alexandersdóttir, HSH | 1992 |
| Þórir Jónsson, UMSB | 1992 |
| Sveinn Jónsson, UMSE | 1992 |
| Dóra Gunnarsdóttir, UÍA | 1993 |
| Reynir G. Karlsson, UMSK | 1993 |
| Finnur Ingólfsson, USVS | 1997 |
| Kristján Yngvason, HSÞ | 1997 |
| Matthías S. Lýðsson, HSS | 1997 |
| Ólína Sveinsdóttir, UMSK | 1997 |
| Sigurlaug Þ. Hermannsdóttir, USAH | 1997 |
| Sigurbjörn Gunnarsson, Keflavík | 1999 |
| Þórir Haraldsson, HSK | 2000 |
| Ingimundur Ingimundarson, UMSB | 2001 |
| Magnús Jakobsson, UMSB | 2001 |
| Hafsteinn Pálsson, UMSK | 2002 |
| Jóhann Ólafsson, UMSE | 2002 |
| Kristín Gísladóttir, HHF | 2003 |
| Einar K. Jónsson, Vesturhlíð | 2003 |
| Haraldur Þ. Jóhannsson, UMSS | 2004 |
| Ellert B. Schram, ÍSÍ | 2006 |
| Gunnlaugur B. Gunnlaugss., Fjölni | 2006 |
| Arnór Benónýsson, HSÞ | 2006 |
| Páll Ragnarsson, UMSS | 2007 |
| Gunnar Ingi Birgisson, UMSK | 2007 |
| Björn Bjarndal Jónsson, HSK | 2007 |
| Anna R. Möller, UMSK | 2007 |
| Helga G. Guðjónsdóttir, HSK | 2008 |
| Snorri Hjaltason, Fjölni | 2008 |
| Sigurður Guðmundsson, UMSK | 2009 |
| Guðmundur Kr. Jónsson, HSK | 2010 |
| Ásdís Helga Bjarnadóttir, UMSB | 2010 |
| Guðmundur Sigurðsson, UMSB | 2011 |
| Björn Ármann Ólafsson, UÍA | 2012 |
| Jóhann Tryggvason, UÍA | 2013 |
| Stefán Þorleifsson, UÍA | 2013 |
| Einar Haraldsson Keflavík | 2014 |
| Ester Jónsdóttir UMSK | 2014 |
| Svanur Gestsson UMSK | 2014 |
| Albert Valdimarsson UMSK | 2014 |
| Engilbert Olgeirsson HSK | 2014 |
| Sigfús Haraldur Bóasson HSÞ | 2014 |
| Anna Sigrún Mikaelsdóttir HSÞ | 2014 |
| Ólafur Thordersen UMFN | 2014 |
| Friðrik Pétur Ragnarsson UMFN | 2014 |
| Páll Kristinsson UMFN | 2014 |
| Jón Páll Hreinsson HSV | 2014 |

## Starfsmerki UMFÍ

